

# VINNUVEITENDAFÉLAG VESTFJARÐA

Stofnað árið 1934

Alþingi

Erindi nr. P 112/609

komudagur 8/3 1990

ÍSAFIRÐI, 6. marz 1990

Pósthólf 133  
Sími 3150

Sjávarútvegsnefnd  
Efri deildar Alþingis  
101 - REYKJAVÍK

Vinnuveitendafélag Vestfjarða hefir fengið sent til umsagnar frumvarp til laga um stjórn fiskveiða, 352. mál, sem nýlega var lagt fram í efri deild Alþingis.

Fjórðungssamband Vestfirðinga efndi til atvinnuálagfundar í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði 8. september s.l., og var félagið aðili að þeim fundi, ásamt fjölmörgum aðilum atvinnulífsins. Í ályktun fundarins segir m.a.:

"Kvótakerfinu var ætlaður margþættur tilgangur. Það átti öðru fremur að tryggja, að heildaraflinn færi ekki fram úr viðmiðunarmörkum stjórnvalda, koma í veg fyrir stækkun fiskiskipastólsins og treysta stöðu landsbyggðarinnar. Allt þetta hefir í stórum dráttum mistekizt. Botnfiskaflinn hefir á hverju ári verið fjarri viðmiðunarmörkum, fiskiskipastóllinn hefir stækkað með ári hverju og staða landsbyggðarinnar er nú veikari en nokkru sinni fyrr.

Það er nú eitt mesta hagsmunamál sjávarútvegsins og landsbyggðarinnar, að meiri stöðugleiki sé í atvinnugreininni en verið hefir á þessum áratug, þegar þorskaflinn hefir sveiflazt frá 469 þús. lestum árið 1981 í 284 þús. lestir árið 1984, og nú leggur Hafrannsóknastofnun til 250 þús. lesta aflu næstu tvö árin eða nærri þriðjungs minnkun frá meðaltali seinustu tíu ára. Það er minni þorskaflur en verið hefir á Íslandsmiðum allt frá árinu 1947. Þessi óstöðugleiki er meiri en svo, að nokkur atvinnuvegur geti búið við og kallar á gjörbreytta aðferð við ákvörðun heildarafla.

Fundurinn telur því nauðsynlegt, að nú þegar verði horfið frá þessari stefnu og ákvörðun heildarafla tekin til lengri tíma, þannig að fiskveiðistefnan tryggi betur atvinnuöryggi allra þeirra, sem við þennan atvinnuveg starfa. Seinasta áratuginn hefir meðalafli botnlægra fisktegunda verið um 670 þús. lestir á ári, 370 þús. lestir af þorski og 300 þús. lestir af öðrum tegundum. Fundurinn leggur því til, að næstu 5 árin verði leyfilegur ársafli miðaður við þessa reynslu og árlega leyft að veiða 320 - 380 þús. lestir af þorski og 280 - 320 þús. lestir af öðrum botnlægum fisktegundum, eftir ástandi fiskistofnanna á hverjum tíma. Með þessu móti væri tekið tillit til líffræðilegra og efnahagslegra sjónarmiða við nýtingu fiskistofnanna um leið og leitazt væri við að tryggja eðlileg starfsskilyrði í atvinnugreininni sjálfri."

Vinnuveitendafélag Vestfjarða fær ekki séð, að það frumvarp um stjórn fiskveiða, sem nú hefir verið lagt fram, taki á nokkurn hátt á þeim vandamálum, sem hér er bent á. Verði það samþykkt óbreytt, bendir allt til, að sama öryggisleysið verði áfram ríkjandi hjá þeim, sem við þessa atvinnugrein starfa, og staða landsbyggðarinnar haldi áfram að versna.

Í 9. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því, að ef meiri en 20% samdráttur (miðað við meðaltal 5 síðustu ára) verði í aflatekjum milli veiðitímabila af veiðum á öðrum tegundum sem sæta ákvæðum um leyfilegan heildarafla en botnfiski og úthafs-rækju, sé ráðherra heimilt að skerða eða auka tímabundið botnfiskaflamark þeirra fiskiskipa, sem aflahlutdeild hafa af þeirri tegund, sem breytingum sætir.

Þessi grein frumvarpsins er í beinni mótsögn við tilgang frumvarpsins um háværkun þjóðhagslegs hagnaðar af fiskveiðunum. Það er augljóst mál, að því hlýtur að fylgja verulegur kostnaðarauki, að búa viðkomandi sérveiðiskip til botnfiskveiða, enda hefir t.d. verulegur hluti loðnuskipanna selt þann botnfisk- og rækjukvóta, sem þau hafa fengið á liðnum árum. Þessi heimild er því líkleg til að skerða enn frekar aflaheimildir botnfiskskipanna en orðið er.

Í stað þessarar greinar væri eðlilegra, að skip sem stunda sérveiðar, greiði í sinn eigin aflatryggingarsjóð, sem hægt væri að grípa til, þegar aflabrestur verður.

Við leyfum okkur að vænta þess, að tekið verði tillit til framanritaðra sjónarmiða við afgreiðslu málsins á Alþingi.

Virðingarfyllst,

VINNUVEITENDAFÉLAG VESTFJARÐA

*Jón Páll Halldórsson*  
Jón Páll Halldórsson  
formaður

Hjálagt:

Ályktun atvinnumálaráðs  
í Stjórnarsýsluhúsinu á Ísafirði  
8. september 1989.

**Alyktun atvinnumálafundar  
í Stjórnsýsluhúsinu á Isafirði  
8. september 1989.**

Atvinnumálafundur Fjórðungssambands Vestfirðinga, haldinn í Stjórnsýsluhúsinu á Isafirði 8. september 1989, telur að horfur í atvinnumálum fjórðungsins séu nú alvarlegri en um langt árabil.

Meginorsök þessa vanda er stöðugur aflsamdráttur á seinustu árum, en atvinnulíf á Vestfjörðum er mun háðara sjávarafla, heldur en í öðrum landshlutum, þar sem 37% alls vinnuafls í fjórðungnum starfar við fiskveiðar og fiskvinnslu, þegar þetta hlutfall er 13% á landinu í heild. Þá hefur efnahagsstefna undangenginna ára verið skaðleg útflutnings- og samkeppnisgreinum og flutt fjármagnid frá þeim og landsbyggðinni og þannig veikt atvinnulíf þessara byggðar- laga.

Enginn landshluti er háðari veiðum botnlægra fisktegunda og rækju en Vestfirðir. Á sama tíma og samdráttur hefir orðið í þessum stofnum, hefir veiði og vinnsla annarra tegunda haft afgerandi þýðingu fyrir önnur byggðarlög. Þetta hefir með öðru orðið til að rýra hlut Vestfirðinga í nýtingu sjávaraflans síðan kvótakerfi í botn- fiskveiðum og rækju var tekið upp.

Kvótakerfinu var ætlaður margþættur tilgangur. Það átti öðru fremur að tryggja, að heildaraflinn færi ekki fram úr viðmiðunarmörkum stjórnvalda, koma í veg fyrir stækkun fiskiskipastólsins og treysta stöðu landsbyggðarinnar. Allt þetta hefir í stórum dráttum mistekizt. Botnfiskaflinn hefir á hverju ári verið fjarri viðmiðunarmörkum, fiskiskipastóllinn hefir stækkað með ári hverju og staða lands- byggðarinnar er nú veikari, en nokkru sinni fyrr.

Það er nú eitt mesta hagsmunamál sjávarútvegsins og lands- byggðarinnar, að meiri stöðugleiki sé í atvinnugreininni en verið hefur á þessum áratug, þegar þorskaflinn hefir sveiflazi frá 469 þús. lestum árið 1981 í 284 þús. lestir árið 1984, og nú leggur Hafrannsóknarstofnun til 250 þús. lesta afla næstu tvö árin eða nærri þriðjungs minnkun frá meðaltali seinustu tíu ára. Það er

minni þorskafla en verið hefir á Íslandsmiðum allt frá árinu 1947. Þessi óstöðugleiki er meiri en svo, að nokkur atvinnuvegur geti búið við og kallar á gjörbreytta aðferð við ákvörðun heildarafla.

Fundurinn telur því nauðsynlegt, að nú þegar verði horfið frá þessari stefnu og ákvörðun um heildarafla tekin til lengri tíma, þannig að fiskveiðistefna tryggi betur atvinnuöryggi allra þeirra, sem við þennan atvinnuveg starfa. Seinasta áratuginn hefir meðalafli botnlægra fisktegunda verið um 670 þús. lestir á ári, 370 þús. lestir af þorski og 300 þús. lestir af öðrum tegundum. Fundurinn leggur því til, að næstu 5 árin verði leyfilegur ársafli miðaður við þessa reynslu og árlega leyft að veiða 320 - 380 þús. lestir af þorski og 280 - 320 þús. lestir af öðrum botnlægum fisktegundum, eftir ástandi fiskstofnanna á hverjum tíma. Með þessu móti væri tekið tillit til líffræðilegra og efnahagslegra sjónarmiða við nýtingu fiskistofnanna um leið og leitast væri við að tryggja eðlileg starfsskilyrði í atvinnugreininni sjálfri.

Fundurinn bendir á, að áður en kvótaskipting var tekin upp í úthafsækjuveiðum, var 30-35% heildaraflans unninn á Vestfjörðum. Eftir að kvótaskipting var tekin upp í þessum veiðum eru veiðiheimildir vestfirzkra skipa aðeins 6% af leyfilegum heildarafla.

Jafnframt telur fundurinn nauðsynlegt, að markvisst sé stefnt að því að vinna sig út úr viðjum kvótakerfisins. Verði það hins vegar framlengt, þegar núverandi löggjöf um stjórnun fiskveiða fellur úr gildi í árslok 1990, er nauðsynlegt að breyta því í veigamiklum atriðum. Í því sambandi er brýnt, að skipunum verði heimilað að vinna sér inn nýja reynslu vegna margþættra breytinga, sem orðið hafa á allri útgerð frá viðmiðunarárunum 1981 - 1983. Sýnt er einnig, að ekki verður komið hjá því, að tengja veiðiheimildir með einhverjum hætti útgerð og fiskvinnslu, til þess að tryggja atvinnuöryggi sjómanna og fiskvinnslufólks og koma í veg fyrir, að hægt sé að kaupa upp aflaheimildir heilla byggðarlaga og svipta þessa aðila þannig atvinnu sinni í einu vefangi.

Fundurinn felur stjórn fjórðungssambandsins að leita allra leiða til að endurheimta þá hlutdeild Vestfirðinga, sem þeir höfðu áður en kvótakerfið var tekið upp.